

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag FES Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	16.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Ísfélag FES	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Bragi og Björgvin	Staðsetning	436690,981 326978,971

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfslifyfi fundust og fimm ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fundað var með Páli Scheving verksmiðjustjóra, Braga Júlíussyni verkstjóra og Björgvini Björgvinssyni byggingartæknifræðingi hjá Teiknistofu PZ

Vinnsla í verksmiðjunni var ekki í gangi en starfsmenn unnu við þrif og viðhald.

Dagskrá fundar:

1. Fráveitulagnir og sýnatökustaður við hreinsivirki
2. Niðurstöður frárennismælinga 2017
3. Heildarúttekt á frárennli skv grein 5.2 í starfslifyfi.
4. Síðastu eftirlitsskýrslur (staða frávíka og athugasemda)
5. Olía og lýsi, geymar, lagnir og þró – nýjar kröfur (sjá reglugerð nr. 884/2017 í viðhengi)
6. Brennsluólía, gerð og magn, mögulegir sýnatökustaðir – taka myndir
7. Yfirferð yfir aðrar kröfur í starfslifyfi
8. Áhættumat og tíðni eftirlits

1. Fráveitulagnir og sýnatökustaður við hreinsivirki

Teikningar af fráveitukerfi fiskimjölsverksmiðjunnar voru lagðar fram og skoðaðir sýnatökustaðir eftir hreinsivirki (sem þjónustar bæði frystihús og fiskimjölsverksmiðju) og sýnatökustaður í fráveitu eftir fitugildru félagsins (áður en klóaklagnir koma inn á lögnina sem endar út í dælustöð). Fundarmenn voru ásættir um að sýnatökustaðir væru góðir til sins brúks. Frárennli frystihúss Ísfélagsins er meðhöndlað í hreinsivirki rekstraraðila og þarf hreinsivirkið að afkasta miklu rennli þegar öll starfsemi er í gangi. Starfslifyfi Umhverfisstofnunar setur þó eingöngu kröfur (losunarmörk) á frárennli fiskimjölsverksmiðjunnar og rekstraraðili fól Teiknistofu PZ að endurreikna mæligildi þannig að marktækar niðurstöður fást fyrir svifefnis-, COD- og fitumælingu í frárennli fiskimjölsverksmiðjunnar.

2. Niðurstöður frárennismælinga 2017

Árleg sýnataka var gerð í frárennli hreinsistöðvarinnar 5. mars 2017. Sýni efn. sáu um mælingar og lágu þær fyrir 23. maí 2017. Mæld var fita, svifagnir og COD. Niðurstöður mælinga voru afhentar í eftirlitinu. Fita í frárennli hreinsistöðvarinnar mældist 3498 mg/l en losunarmörk eru 100 mg/l. Þetta er frávik frá kröfum í starfslifyfi.

3. Heildarúttekt á frárennli skv grein 5.2 í starfslifyfi.

Farið var yfir þau gögn sem liggja fyrir. Sólarhringssýni úr fráveitu hafa verið tekin á öllum vertíðum. Rannsóknarþjónustan í Vestmannaeyjum hefur öll þessi gögn og Björgvin Björgvinsson á Teiknistofu PZ ætlar að yfirfara gögn um sólarhringsrennli á vertíðunum. Ísfélag Vestmannaeyja FES hefur upplýsingar um hráefni sem unnið er á sólarhring fyrir hverja vertíð, þá er hægt að reikna losun svifagna og COD út frá því. Eins og áður sagði mun TPZ yfirfara rennismælingar rekstraraðila.

Í skýrslu Rannsóknarþjónustunnar í Vestmannaeyjum er heildarlosun svifefna í sólarhringssýni á loðnuvertíð 2016 samtals 22,1 g/t hráefnis og á síldarvertíð 2016 er heildarlosun svifefna samtals 20,2 g/t hráefnis.

Í sömu skýrslu er heildarlosun COD í sólarhringssýni á loðnuvertíð 2016 samtals 0,4 kg/t hráefnis og á síldarvertíð 2016 er heildarlosun COD samtals 0,5 kg/t hráefnis.

Enn vantar að reikna út losun frá kolmunna- og makrílvertíðum til þess að árleg heildarlosun Ísfélagsins FES liggja fyrir. Eins verður skoðað hvort hægt sé að aðskilja losunartölur fiskvinnslunnar frá losunartölum fiskimjölsverksmiðju FES.

4. Síðustu eftirlitsskýrslur (staða frávíka og athugasemda)

a. frávik frá kröfum í starfslifyfi um ryk í útblæstri undir 100 mg/Nm³

Frávik síðasta árs um að ryk í útblæstri sé yfir kröfum í starfslifyfi er enn opið. Ryk í útblæstri katla er samkvæmt mælingu frá apríl 2016, 493 mg/Nm³ fyrir ketil #1 og 110,5 mg/Nm³ fyrir ketil #2. Ketill nr. 2 hefur verið endurnýjaður og nýi ketillinn er það stór að hann nær nánast að framleiða alla þá orku sem fiskimjölsverksmiðjan þarf í fullum

rekstri. Báðir katlarnir eru þó keyrðir samtímis. Fyrirhugað er að gera nýja rykmælingu á næstu vertíð.

b. eftir endurútreikninga Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands frávik frá kröfum í starfsleyfi um útblásturshraða í skorsteini yfir 20 m/s – endurreiknaður af Nýsköðunarmiðstöð Íslands, ketill 1 um 25 m/s og ketill 2 um 22 m/s.

Við frekari skoðun var hægt að endurútreikna útblásturshraða í skorsteinum. Báðir katlar eru með útblásturhraða yfir 20 m/s. Ný mæling á útblásturshraða verður gerð á næstu vertíð samhliða rykmælingu.

c. athugasemd um loka í pró um olúgeyma og þjálfun starfsfólks.

Lokar í frárennsli frá pró hafa verið endurnýjaðir og aðalokinn er nú passavantloki sem skynjar breytingar í eðlisþyngd og lokar sjálfkrafa yfir flæði ef olúefni taka að leka úr þrónni. Olíuskilja í frárennslinu er þjónustuð eftir þörfum.

5. Olía og lýsi, geymar, lagnir og pró – nýjar kröfur í reglugerð nr. 884/2017

Farið var yfir nýjar kröfur sem eru í gildi með útkomu reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar eru gerðar sömu kröfur til lýsisgeyma og niðurgrafinna lýsislagna og olúgeyma og lagna. Ísfélagið hefur látið þrýstiprófa olíulagnir og botnþykktarmæla olúgeyma en nú þarf að huga að mælingum á lýsismannvirkjum.

6. Brennsluolía, mögulegir sýnatökustaðir

Enn er notið verksmiðjuolíu (grunnolía) og kaupir rekstraraðili olíu eftir mæli en N1 (Olíudreifing ehf.) á birgðirnar. Skoðaður var mögulegur sýnatökustaður sem fulltrúi rekstraraðila benti á. Aðstaða til sýnatöku er á olíulögn rétt við ketil #2.

7. Yfirferð yfir aðrar kröfur í starfsleyfi

Þrjár áætlanir eru skilgreindar í starfsleyfi, þ.e. áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar, hreinlætisáætlun, og viðbragðsáætlun. Allar áætlanir liggja fyrir.

Farið var yfir skráningar á rekstri mengunarvarnarbúnaðar s.s. viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Eins till viðhalds, eftirlits og bilana í lyktareyðingarbúnaði, hreinsivirki í fráveitu og fitugildru. Skráningar á efnanotkun og skráningar á magni og gerð spilliefna sem skilað er til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Verktaki (Kubbur) tekur við flestum úrgangstegunum og fitugildrur og olíuskiljur eru hreinsaðar árlega þegar hreinsibill kemur til Vestmannaeyja.

8. Áhættumat og tíðni eftirlits

Rekstraraðila var bent á breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar er nú gert ráð fyrir að tíðni mengunarvarnareftirlits hjá fyrirtækjum skuli ráðast af kerfisbundnu mati á umherfisáhættu viðkomandi starfssemi.

Frávik frá

kröfum í ákvæði 2.17 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Í árlegu mælingum á fitu í frárennsli (afhent í eftirliti) mældist fita í frárennsli 3498 mg/L en losunarmörk eru 100 mg/L.

kröfum í ákvæði 5.2 í starfsleyfi

Niðurstöður mælinga á losun mengunarefna á kolmunna- og makrílvertíð hafa ekki borist stofnuninni. Skv. ákvæði 5.2 ís starfsleyfi skyldu gögnin liggja fyrir 1. maí 2016.

ATHUGASEMDIR

Ljúka þarf endurútreikningum á sólarhringsrennsli í frárennsli fiskimjölsverksmiðjunnar. Nota rennismælingar við útreikninga á heildarlosun á mengunarefnum í frárennsli á vertíðum sbr. 5.2 í starfsleyfi

Ryk í útblæsri er enn opið frávik. Sbr. frávik 2017-805 þá mælist ryk yfir losunarmörkum og úrbótum er ekki lokið. Skipt hefur verið um annan ketilinn (ketil #2) og ryk verður mælt aftur á næstu vertíð.


Útblásturshraði var endurútreiknaður af Nýsköpunarmiðstöð Íslands eftir frekari skoðun á skorsteinum. Útblásturshraðinn er yfir 20 m/s.

Lokið er breytingum á frárennsli þróar um olíu- og lýsisgeyma félagsins. Umbúnaður er ásættanlegur með sjálfvirkum loka sem skynjar olíu (breyting í eðlisþyngd - passavant-loki).

Með nýrri reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfssemi í landi er nú gerðar sömu kröfur til lýsisgeyma og lagna og hafa verið í gildi fyrir olíumannvirki. Ljúka þarf botnþykktarmælingum á lýsisgeymum eldri en 10 ára og niðurgröfnum lýsislögnum eldri en 5 ára.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.06.2018



Gottskálk Friðgeirsson